



Stjórnarfundur AKÍS

Staður og tími: Google Hangouts - 5.12.2017 kl. 18:00

Mætt:

Jón Bjarni Jónsson (JB), Tryggvi Magnús Þórðarson (TMB), Þrándur Arnþórsson (ÞA), Baldvin Hansson (BH), Helga Katrín Stefánsdóttir (HKS), Sigurður Gunnar Sigurðsson (SGS), Ragnar Róbertsson (RR), Torfi Arnarson (TA)

Fjarverandi:

Garðar Þór Garðarsson (GÞG), Kristinn Snær Sigurjónsson (KSS), Einar Gunnlaugsson (EG)

ÞA ritaði fundargerð.

1. Mótakerfi AKÍS

Farið yfir breytingar sem gera þarf fyrir næsta keppnistímabil.

2. Reglubreytingar í Rally

TA kynnti reglubreytingar í rally fyrir 2018 sem samþykkt var samhljóða 28. nóvember 2017 í rallyráði, en þar er skerpt á öryggisreglum og reglur um gengi N endurskrifaðar. Þessar reglur ásamt öðrum keppnisreglum munu settar á vef AKÍS í desember.

3. Tryggingar

AKÍS átti viðræður við tryggingarfélög síðastliðið vor og snemma sumars vegna trygginga óskráðra keppnistækja. Niðurstaða þessara viðræðna var að Sjóvá eitt tryggingarfélaga býður nú hlutlæga tryggingu án ábyrgðar. Öll hin tryggingarfélögin bjóða aðeins frjálsa ábyrgartryggingu. Fyrir óskráðu keppnistækin kom í ljós að ávallt þarf sérstaklega að semja um slysatryggingu ökumanns eða ökumanna.

Þá kom í ljós að öll tryggingarfélögin telja ökumannstryggingu í gildi þegar gefinn er út tryggingarviðauki fyrir skráð ökutæki.

Í ár hafa einnig staðið yfir viðræður við Samgöngustofu um tryggingarmál og hvernig þeim væri best háttar i framtíðinni. Þessi vinna mun halda áfram nú í veturn.

4. Húsnæðismál

GSÍ hefur lýst yfir áhuga á því að fá afnot af núverandi skrifstofu AKÍS, með því að AKÍS og MSÍ sameinist um eina skrifstofu, sem yrði í núverandi herbergi MSÍ.

Stjórn AKÍS samþykkir að ræða við MSÍ til að gera þetta að veruleika.

5. Önnur mál

a) **Upplýsingaflæði** -

Minnt á að allir stjórnarmenn séu upplýstir um það sem er í gangi.

b) **NEZ reglur í torfæru**



Ekki mikið af breytingum.

c) **Öryggisnámskeið í rally á Írlandi 12.-13. janúar 2018**

AKÍS stefnir á að senda einn þátttakenda. AKÍS greiðir námskeiðsgjald fyrir einn þátttakanda hvers félags sem heldur rally (BÍKR, AÍFS og BS) ásamt því að styrkja hvert félag um allt að 30.000 krónur til ferðarinnar. Stefnt er að því að AKÍS styrki önnur félög með sambærilegri aðferð vegna námskeiða í öðrum keppnisgreinum.

6. Næsti fundur

19. desember 2017 @ 17:15 í fundarherbergi GSÍ. Formanni falið að koma með súkkulaðiköku til að hafa með jólakaffinu.